

FUNDARGERÐ LEIKSKÓLANEFNDAR

Mánudaginn 15. mars 2004 var fundur haldinn í Leikskólanefnd Höfðahrepps kl. 17:00 í leikskólanum Barnabóli

Mætt eru; Birna Sveinsdóttir formaður, Björn Hallbjörnsson, Gígja Óskarsdóttir, Helga Bergsdóttir leikskólastjóri, og Þórunn Bernódusdóttir fulltrúi starfsmanna. Erla Hauksdóttir fulltrúi foreldrafélags.

Dagskrá fundarins:

1. Biðlistar
2. Sumarlokun
3. Stafsmannamál
4. Viðhald
5. Önnur mál

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Helga útskýrði biðlistana, 6 börn bíða eftir leikskólaplássi. Við sjáum fram á að þessi börn komist ekki að fyrr en eftir sumarfrí. Leikskólanefnd leggur til að athugaðir verði hvaða möguleikar eru á því að ráða starfsmann í 75% starf fram að sumarfrí til að leysa vandann.
2. Lokað verður vegna sumarleyfa frá og með 5. júlí til og með 6. ágúst 2004
3. Helga Bergsdóttir hefur sagt upp störfum frá og með 1. apríl 2004. Staðan verður auglýst fljótlega.
4. Farið yfir óskalista um viðhald og endurnýjun búnaðar. Mála þarf eldri álmuna, endurnýja flísar og mála forstofu í nýrri álmu, endurnýja útihurð Sæbólsmegin, laga hólfin á báðum deildum, endurnýja sandkassann, laga bátinn sem fór illa í snjónum í vetur, svo nokkuð sé nefnt.
5. Þórunn upplýsir nefndina um að stefnt verði að því aftur í haust að halda sameiginlegt haustþing grunn- og leikskóla. Helga upplýsir að Dagný Annasdóttir talmeinafræðingur leggi til að ráðinn verði starfsmaður í hálfu starf til að sinna, sérkennslumálum, fram að sumarfríu.

Fundargerðin var skráð í tölvu, lesin upp í lok fundarins og samþykkt, prentuð út og undirrituð af fundarmönnum. Fundi slitið kl. 19:00

Birna Sveinsdóttir
(Sign)

Björn Hallbjörnsson
(Sign)

Gígja Óskarsdóttir
(Sign)

Helga Bergsdóttir
(Sign)

Þórunn Bernódusdóttir
(Sign)

Erla Hauksdóttir
(Sign)